

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 68/1992.

**Samúel J. Samúelsson og
heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs**

(Erla S. Árnadóttir hdl.)

(Guðrún M. Árnadóttir hrl.)

gegn

Sigurjóni Samúelssyni

(Sveinn Sveinsson hdl.)

(Pórólfur Kr. Beck hrl.)

og gagnsök

Frelsisvipting. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Skaðabætur. Lögræðislög. Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Ingi-björg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1992. Þeir krefjast þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en honum gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara verði bætur til gagnáfrýjanda lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. mars 1992. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði óskipt dæmdir til að greiða sér 263.192 krónur eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. apríl 1988 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefst gagnáfrýjandi bóta fyrir útlagðan kostnað og miska vegna þeirrar ráðstöfunar aðaláfrýjandans Samúels J. Samúelssonar læknis, er þá gegndi læknavakt á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, að láta flytja hann af heimili hans að Hrafnabjörgum í Ögurhreppi og á Fjórðungssjúkrahúsið og leggja hann síðan inn á sjúkrahús í Reykjavík til rannsóknar og meðferðar gegn vilja hans

og með valdi. Var þetta gert að morgni mánudagsins 25. apríl 1988 að ákvörðun læknisins, eftir að hann var kominn í sjúkravitjun á heimilið að beiðni annarra, en áður hafði hann reynt að fá gagnáfrýjanda til farar með því að senda til hans sjúkrabifreið frá Ísafirði. Helstu atvikum málsins er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og eru þau óumdeild. Við lýsinguna er því að bæta, að gagnáfrýjandi var ekki skoðaður á Fjórðungssjúkrahúsinu og átti þar aðeins viðdvöl, meðan læknirinn undirbjó móttöku hans á Landspítalanum í Reykjavík, en þangað var hann fluttur með flugvél í fylgd lögreglumanns. Á Landspítalanum kom ekki til þess, að hann yrði lagður inn á geðdeild, eins og læknirinn hafði í huga, heldur var hann vistaður og rannsakaður á bráðamóttöku spítalans. Var hann útskrifaður þaðan næsta dag, án þess að nokkuð fyndist að heilsu hans, er ástæðu gæfi til meðhöndlunar að svo komnu.

Læknisþjónustu fyrir Ögurhrepp var sinnt frá Ísafirði. Í málinu liggja frammi færslur úr dagbókum heilsugæslustöðvarinnar á Ísafirði, þar sem getið er um aðstoð og meðhöndlun, er gagnáfrýjanda var veitt á tímabilinu frá apríl 1986 til desember 1988. Má þar sjá meðal annars, að honum hafi nokkrum sinnum verið veitt liðsinni vegna höfuðverkjakasta, áður en mál þetta kom til, og þá með lyfjagjöf. Aðaláfrýjandinn Samúel hafði ekki áður sinnt gagnáfrýjanda vegna kvartana af þessu tagi, en hafði nýlega gert á honum minni háttar aðgerð vegna bólgu um olnboga.

Áfrýjandi bjó einn búi sínu að Hrafnabjörgum, en ung kona dvaldist á heimilinu og sinnti inniverkum. Hafði hún verið þar nokkra mánuði og ekki áður orðið þess vör, að gagnáfrýjandi fengi höfuðverki. Skammt var til næsta bæjar og góður samgangur þar á milli, og fól gagnáfrýjandi þeim nágrönnum sínum að sjá um búfé sitt, er hann fór að heiman í þetta sinn. Héraðshjúkrunarfræðingur hafði aðsetur á Nauteyri í um 80 km fjarlægð, og hafði gagnáfrýjandi leitað til hennar nokkrum sinnum. Fyrir liggur, að þetta fólk átti símtöl við lækinn, áður en hann fór að Hrafnabjörgum. Hins vegar getur þess ekki, að hann hafi ráðfært sig við það, eftir að hann kom á vettvang.

Í héraði var leitað svara Læknaráðs við tilteknum spurningum um málið, og eru þau rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Í 1. mgr. 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 er staðfest sú meginregla,

að sjálfráða maður verði ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum. Í 2. mgr. er svo á kveðið, að þó megi hefta frelsi manns, ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelisskerðing megi ekki standa lengur en tvo sólarhringa, nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins. Í 3. mgr. er því síðan lýst, að með samþykki þess ráðuneytis megi vista mann gegn vilja hans til meðferðar á sjúkrahúsi, ef fyrir hendi séu ástæður þær, er um ræðir í 2. mgr., og vistun þyki óhjákvæmileg að mati læknis. Um slíka vistun fari þá eftir 14.–17. gr. laganna, þar sem meðal annars er við það miðað, að beiðni um vistun komi fram frá nánustu skyldmönnum mannsins eða fulltrúa sveitarstjórnar á dvalarstað hans. Þessar reglur 13. gr. ber að skoða í ljósi ákvæða 65. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 um sviptingu frelsis við handtöku og annarra almennra reglna um mannréttindi, þar á meðal ákvæða í 5. gr. Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem fullgiltur var fyrir Ísland árið 1953 og hefur nú öðlast lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994 um Mannréttinda-sáttmála Evrópu.

Af hálfu aðaláfrýjenda er litið svo á, að flutningur gagnáfrýjanda á sjúkrahús hafi byggst á bráðanauðsyn af því tagi, er falli undir ákvæði 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga. Hafi málið ekki komist á það stig, að 3. mgr. 13. gr. ætti við, enda hafi gagnáfrýjandi verið útskrifaður af Landspítalanum innan tveggja sólarhringa, frá því að hann hvarf að heiman. Jafnframt hafi ráðstöfunin átt sér stoð í almennum reglum um læknisverk í neyð, þar sem gagnáfrýjandi hafi verið í hættu staddur og ekki fær um að gera sér grein fyrir henni eða sjá fyrir því, sem við þyrfti til bjargar.

Í málinu er það nægilega leitt í ljós með þeim rannsóknum, er fram fóru á Landspítalanum, að gagnáfrýjandi var ekki haldinn geðsjúkdómi, er kallaði á vistun á sjúkrahúsi, þegar læknirinn vitjaði hans. Skorti þannig efnislegt skilyrði þess, að ákvæði 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga ættu við. Jafnframt liggur fyrir, að gagnáfrýjandi lýsti sig eindregið mótfallinn því að verða fluttur af heimili sínu. Verður ekki á það fallist, eftir því sem fram er komið, að hann hafi verið of rænulítill til þess, að mark mætti taka á þeim mótmælum. Var vistun hans á sjúkrahúsinu því ekki lögmæt. Á hinn bóginn er það staðfest með álitum Læknaráðs, að ótti læknisins um blæðingu í heila gagn-

áfrýjanda eða aðra vefræna geðtruflun gat átt rétt á sér. Jafnframt varð læknirinn við mat sitt á ástandinu að líta til þess, að örðugt var að fylgjast með heilsu gagnáfrýjanda. Þrátt fyrir þann vanda, sem þannig knúði á, er óhjákvæmilegt að álykta, að læknirinn hafi ekki gætt alls, sem við átti, áður en hann tók ákvörðun sína um valdbeitingu við gagnáfrýjanda og flutning á honum til Reykjavíkur. Er þá einkum til þess að líta, að hann virðist ekki hafa kannað sjúkrasögu gagnáfrýjanda eða leitað samráðs við aðra lækna á Ísafirði, er þekktu til hans, og ekki ítrekað ráðfærslu sína við nágretta hans og hjúkrunarfræðing héraðsins. Samkvæmt því verður að fallast á það með héraðsdómara, að aðaláfrýjendur beri skaðabótaskyldu vegna þeirrar frelsisskerðingar, sem gagnáfrýjandi var beittur.

Greiðsla úr sjúkratryggingum fyrir sjúkraflugið með gagnáfrýjanda til Reykjavíkur var ekki talin heimil, og greiddi hann kostnaðinn, 23.222 krónur, í júlí 1989. Krafa hans um þennan og annan kostnað vegna ferðarinnar og fjarvistar af heimili, samtals 63.192 krónur, er að hluta studd beinum reikningum, og öðrum liðum hennar er í hóf stillt. Ber að taka hana til greina að öllu leyti. Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er þá var í gildi, á gagnáfrýjandi einnig rétt til miskabóta. Þykja þær eftir atvikum hæfilega ákveðnar 200.000 krónur, svo sem hann hefur krafist. Verður aðaláfrýjendum þannig gert að greiða honum óskipt samtals 263.192 krónur með vöxtum, eins og á var kveðið í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Samúel J. Samúelsson og heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Sigurjóni Samúelssyni, 263.192 krónur óskipt ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1989 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. desember 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 31. janúar og 1. febrúar 1990.

Stefnandi er Sigurjón Samúelsson, Hrafnabjörgum, Ögurhreppi, Ísafjarðarsýslu.

Stefndu eru Samúel J. Samúelsson læknir, Kambaseli 42, Reykjavík, og heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu greiði honum in solidum 294.024 kr. eða lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt dráttarvöxtum frá 25. apríl 1988 auk málskostnaðar skv. fram lögðum reikningi.

Stefndu hafa krafist sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem býr að Hrafnabjörgum í Ögurhreppi, kenndi sér lasleika að loknum störfum síðla sunnudagsins 24. apríl 1988. Ung kona, Hallfríður Friðriksdóttir, var þarna ráðskona, en aðrir voru ekki á heimilinu. Stefnandi fann höfuðverk, fékk sjóntruflanir og svima, varð órólegur og máttlaus og talaði drafandi. Hringdi Hallfríður þá í Oddnýju Bergþóru Helgadóttur, sem bjó með manni sínum, Jóni H. Karlsyni, á Birnustöðum, næsta bæ, og bað þau koma til hjálpar. Komu þau þegar, og hringdi Oddný í Önnu Maríu, hjúkrunarkonu í Ísafjarðardjúpi, sem hringdi á læknavaktina á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Stefndi Samúel var vakthafandi læknir. Hann hringdi og talaði við Oddnýju og fékk lýsingu á einkennum stefnanda, og bað Oddný um aðstoð hans. Mun það hafa verið eftir miðnætti. Ákvað hann strax að senda sjúkrabíl eftir stefnanda, sem fór um kl. 2 og var kominn að Hrafnabjörgum tveimur klst. síðar. En þá neitaði stefnandi algerlega að fara með sjúkrabílnum til Ísafjarðar, og var hringt til læknisins og honum sagt það. Ákvað stefndi Samúel þá að fara ásamt lögreglumönnum til þess að geta fylgt stefnanda á sjúkrahús, ef með þyrfti. Hafði hann samband við sýslumann og fékk tvo lögregluþjóna með sér. Fékk hann hraðbát til þess að flytja þá að Hrafnabjörgum og fór ásamt mági stefnanda, Jósep Vernharðssyni. Komu þeir að Hrafnabjörgum kl. 7.10 um morguninn. Þá svaf stefnandi, en hann hafði loks sofnað um kl. 5.00. Var hann þá vakinn eftir þennan tveggja tíma svefn. Reynt var að fá stefnanda með góðu til Ísafjarðar, en hann harðneitaði. Eftir þriggja klukkustunda fortölur ákvað læknirinn, að hann yrði tekinn með valdi. Bað hann lögregluþjónana halda honum, meðan hann gaf chlorpromasin með sprautu. Við það róaðist stefnandi og kom mótþróaust með þeim í bátinn og til Ísafjarðar. Þar var farið á sjúkrahúsið og síð-

an með flugvél suður og racleitt á Landspítalann, þar sem læk'nirinn ákvað, að hann yrði lagður inn á geðdeild.

Ýtarleg læk'nisskoðun var gerð á stefnanda á Landspítalanum, og skoð-uðu hann bæði geðlæknir og neurolog. Fannst ekkert athugavert og engin skýring á einkennum þeim, sem hann hafði haft, og var hann útskrifaður daginn eftir.

Málið var sent Læknaráði með úrskurði, upp kveðnum 11. febrúar 1991, þar sem spurt var eftirfarandi spurninga:

Frá lögmanni stefnanda:

„1. Hvaða sjúkdómsgreining(ar) telur Læknaráð, að komi til álita miðað við þá lýsingu stefnda Samúels J. Samúelssonar læk'nis, sem fram kemur á stefnanda á meðfylgjandi dómskjali nr. 5? Ef fleiri en einn sjúkdómur kemur til greina, óskast allir sjúkdómarnir nefndir.

2. Eru umtalsverðar líkur á, að þessir hugsanlegu sjúkdómar geti leitt sjúkling til dauða eða leitt til varanlegrar örorku, ef ekki er gripið tafarlaust til meðhöndlunar? Hverjar má ætla, að slíkar líkur séu tölulega metið?

3. Er hægt að gera bráðabirgðaráðstafanir gagnvart meintum sjúkdómi, t. d. með lyfjagjöf eða vörslu á heimili, án þess að til tafarlausrar vistunar á sjúkrahúsi þurfi að koma? Er hægt að meðhöndla sjúkling með slíkri bráðabirgðameðferð, þar til unnt er að vista sjúkling á sjúkrahúsi gegn vilja hans með lögformlegum hætti, án þess að sjúklingnum stafi veruleg hættu af?

4. Telur Læknaráð, að sú lýsing á stefnanda, sem fram kemur í bréfi Sigurðar Ólafssonar aðstoðarlæk'nis, dags. 20. maí 1988, á dskj. nr. 6, meðfylgjandi, beri með sér, að stefnandi hafi verið haldinn alvarlegum sjúkdómi, og ef svo er, hvaða sjúkdómur komi þar til álita?“

Frá lögmanni stefnda Samúels:

„1. Telur Læknaráð, að læk'nir geti framkvæmt sjúkdómsgreiningu með viðunandi hætti fjarri læk'nastofu eða sjúkrahúsi, ef hann óttast, að það sé að blæða inn á heila sjúklings eða hann hafi fengið skyndilega alvarlegan geðsjúkdóm?

2. Hvaða afleiðingar hefur það fyrir sjúkling, sem er með heilablæðingu eða hefur skyndilega fengið alvarlegan geðsjúkdóm, að vera skilinn eftir einn síns liðs langt frá öðrum byggðum bóluum?

3. Er Fjórdungssjúkrahúsið á Ísafirði þannig búíð, að það geti sinnt á viðunandi hátt sjúklingum með heilablæðingu eða sem hafa fengið skyndilegan alvarlegan geðsjúkdóm?“

Svör Læknaráðs voru eftirfarandi:

A. Frá lögmanni stefnanda:

1. Bráðageðveiki af vefrænum toga (psychoses acuta organica), sem krefst ýtarlegrar rannsóknar á sjúkrahúsi, en mjög margar orsakir geta legið til grundvallar þessu ástandi.
2. Já, það eru umtalsverðar líkur til þess. Mjög margir sjúkdómar, sem valda geðveiki af vefrænum toga, geta leitt til dauða eða varanlegrar örorku, en líkurnar til þess eru mismiklar eftir því, hver frumorsökin er.
3. Slíkt orkar ætíð tvímælis, en miðað við aðstæður stefnanda hefði það verið rangt, og telur Læknaráð, að nauðsyn hafi borið til að vista hann á sjúkrahúsi hið bráðasta.
4. Í bréfi Sigurðar Ólafssonar aðstoðarlæknis kemur fram, að stefnandi hafi fengið slæman höfuðverk, en muni ekki atburðarásina glöggð að öðru leyti. Þó að rannsóknir hafi ekki leitt annað í ljós en lítills háttar lækun á kalsíum í blóði, þarf það ekki að segja neitt til um, hvernig ástand stefnanda hafi verið, þegar læknir var til kallaður og sá hann fyrst.

B. Frá lögmanni stefnda:

1. Nei.
2. Afleiðingar eru ófyrirsjáanlegar, en gætu verið mjög hættulegar lífi sjúklings.
3. Nei. Við sjúkrahúsið á Ísafirði starfar hvorki sérfræðingur í geðsjúkdómum, taugalækningum né taugaskurðlækningum.

— — —

Niðurstaða.

Af gögnum málsins og skýrslum aðila og vitnis er í ljós leitt, að stefnandi var með rænu og talaði við lækinn og þá, sem komu til að sækja hann, í allt að þrjár klukkustundir, áður en hann var beittur valdi. Allan þann tíma mótmælti hann því að fara til lækniSSkoðunar.

Enda þótt í ljós sé leitt með álit Læknaráðs, að stefnandi hafi á þessum tíma getað verið haldinn alvarlegum geðsjúkdómi, sem hefði getað reynst honum hættulegur, þá réð hann því sjálfur, hvort hann þægi þá lækniSmeðferð og rannsóknir, sem boðið var upp á, svo framarlega sem hann var með ráði og rænu og gat tekið slíka ákvörðun.

Ekkert er komið fram um, að stefndi Samúel hafi athugað, hvort stefnandi væri reiðubúinn að lýsa því yfir skriflega, að hann hafnaði því algerlega að fara undir læknishendur, og að hann gerði það með fullu ráði. Þegar á þetta er litið svo og til þess, sem í ljós er leitt um háttarni stefnanda þarna um morguninn, og þá sérstaklega til þess, að hann hringdi að Birnustöðum um kl. 9.30 og bað húsráðendur fyrir fénað sinn, meðan hann yrði fjarverandi, og sagði fyrir um fódurgjöf, verður ekki talið nægilega leitt í ljós

af stefndu hálfu, að stefnandi hafi ekki vitað, hvað hann var að gera, og að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir því, hverju hann var að neita, en sönnun um þetta hvílir á stefndu.

Verður því að fallast á með stefnanda, að valdbeiting þessi hafi verið andstæð ákvæðum 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 og því heimildarlaus, enda var ekki um neyðarrétt við þessar aðstæður að ræða.

Ber því að taka til greina kröfu hans um skaðabætur og miskabætur úr hendi stefndu. Eftir atvikum þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar 200.000 kr., og ber stefndu að greiða þær in solidum með vöxtum frá 1. desember 1989 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 80.000 kr., ásamt dráttarvöxtum, eins og krafist er.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Samúel J. Samúelsson og heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Sigurjóni Samúelssyni, 200.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. desember 1989 til greiðsludags og 80.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.
